

FRÉTTA BRÉF

Dansgarðsins



YFIRLIT

-Vorönnin

- Safnanótt
- Dance World Cup
- Prix du Nord
- Blóm og Ballet

-Kafaskil í Dans fyrir alla

-Vorhittingur danskennara

-Fréttir af Forward

-Viðtal við Emblu Líf


-Hvað er á döfinni

-Minnum á...

VORÖNNIN

SAFNANÓTT

Framhaldsbrautin og Forward sýndu á Safnanótt, 3.febrúar. Framhaldsbrautin sýndi brot úr dansverkinu Flæði eftir Camilo í Borgarbókasafninu, Grófinni og Forward sýndi dansverkið HOFIE V. eftir Linde Rongen í Listasafni Reykjavíkur, Hafnarhúsinu.



DANCE WORLD CUP

Nemendur Dansgarðsins tóku þátt í undankeppni Dance World Cup í Borgarleikhúsinu þann 20.febrúar. Það voru alls 10 atriði frá Dansgarðinum í ár og fengu allir nemendur Dansgarðsins þátttökurétt til að fara fyrir hönd Íslands í Dance World Cup sem haldin verður í borginni Braga í Portúgal í sumar, dagana 30. júní – 8. júlí.



PRIX DU NORD

Ari, Elín og Ísold fóru til Gautaborgar 15.mars og kepptu fyrir hönd Íslands í klassísku sólókeppninni Prix du Nord. Þau stóðu sig öll frábærlega og við erum mjög stolt af frammistöðu þeirra.



BLÓM OG BALLET

Á sama tíma sýndu Dagmar, Guðrún og Nína í Sjálandi á Listaopnun Ingvars Thors Gylfasonar frumsaminn dans eftir Guðbjörgu Astrid Skúladóttur við tónlist Aron Can.



KAFLASKIL Í DANS FYRIR ALLA

Í mars voru kaflaskil í Dans fyrir alla þegar við kláruðum stórt verkefni sem byrjaði fyrir Covid, dansfræðsludagana „Dans fyrir alla“. Verkefnið var styrkt af Barnamenningarsjóði og var fyrsta stóra verkefnið okkar í að miðla að dans sé allra og oft annað en við gerum okkur grein fyrir.

Það tóku alls 760 grunnskólanemendur þátt í vinnustofunum þar sem nemendur heimsóttu danssalinn okkar og fengu að dansa, semja og „lesa“ dans, ásamt því að fá gjörningafræðslu í skólann sinn. Síðasti kaflinn í þessu verkefni var að fara í Borgarleikhúsið og horfa á æfingu Íslenska dansflokksins á sýningunni Ball sem vakti mikla lukku.



VORHITTINGUR DANSKENNARA

11.apríl stóð Dansgarðurinn fyrir Vorhittingur Danskennara í Dansverkstæðinu. Dagskráin var blanda af fyrirlestrum um inngildingu í dansi og æfingum ásamt því að vera rými fyrir danskennara til að hittast og skiptast á aðferðum og ráðum. Dagurinn er hluti af Communesense verkefninu þar sem Dansgarðurinn í samvinnu við LXIX High School og Art 2 business í Warsaw er að búa til danskennslumyndbönd fyrir grunnskólakennara. Næsti hluti í því verkefni er ferð til Póllands með nokkra nemendur frá okkur. Verkefni er styrkt af EEA styrkjunum.

FRÉTTIR AF FORWARD


FORWARD - LISTAHÓPUR REYKJAVÍKUR 2023

Það er stófrétt af danshópnum Forward þar sem hópnum hlaut viðurkenningu Listahópur Reykjavíkur 2023.

Okkur er mjög annt um að fá þessa viðurkenningu þar sem Forward hefur verið verkefni byggt á ástríðu og dugnaði starfsmanna, danshöfunda og dansara og erum við virkilega stolt og þakklát því að sjá það dafna.



HARMONY



Næst á dagskrá er frumsýningu á verkinu „Harmony“ eftir Camilo okkar á sumardagurinn fyrsti í Tjarnarbíói.


Harmony er dansverk sem speglar skynjunina, innsæið, næmnina og samvinnuna sem á sér stað á milli alls í náttúrunni. Til grundvallar sköpunarferlinu er viðkvæmt og hárnákvæmt jafnvægi vistkerfa, þar sem hver einasta lífvera, stór eða smá, skiptir sköpum fyrir heildina. Útkoman er fallett verk þar sem samhugur og samheldni dansaranna skilar sér til áhorfenda.

Sýningar verða kl.18 og kl.20 og miðasala á tix.is. Dansnemar fá afslátt en afsláttarhlekkurinn verður sendur til nemenda.

FORWARD TIL FRAKKLANDS

Hópurinn fór einnig á dögnum til Toulouse í Frakklandi að vinna með danshöfundinum Julie Nioche og dönsurum úr „Extensions“ sem er nám fyrir unga dansara. Dansarar okkar tóku þátt í skapandi vinnustofur sem enduðu með sýningu á markaðnum í Tournefeuille. Ferðin var frábær og okkar dansarar sýndu mikila fagmennsku og smituðu alla í kringum sig með sinni dansgleði.

Ferðalagið var styrkt af Erasmus + og Sviðslistarmiðstöð Íslands.



VIÐTALIÐ

NAFN

Embla Líf Hreinsdóttir

HVENÆR BYRJAÐIR ÞÚ AÐ DANSA Í DANSGARÐINUM?

Ég byrjaði á framhaldsbraut í Klassíska listdansskólanum 2018 og útskrifaðist 2021 sama ár og ég byrjaði í Forward.



AF HVERJU DANS?

Dans hefur alltaf verið partur af lífi mínu frá því ég var pínulítill. Dansinn hefur gefið mér sjálfsöryggi sem ég finn hvergi fyrir annars staðar, hann gefur mér útrás, leyfir mér að vera skapandi og gerir mér kleift að túlka mig á hátt sem ég hef aldrei getað gert með orðum.

HVAÐ VAR SKEMMTILEGAST?

Það sem mér fannst skemmtilegast var fólkið sem ég fékk að kynnast og tengslin sem ég myndaði. Mér finnst líka ekkert skemmtilegra en að líta til baka og sjá framfarirnar sem maður hefur tekið eftir mikla vinnu.

HVAÐ VAR ERFIÐAST?

Svona strangt dansnám er mjög líkamlega krefjandi en andlega hliðin getur einnig verið mjög erfið. Ég hef átt það til að setja mjög háar kröfur og mikla pressu á sjálfa mig sem hefur oft endaði í miklu sjálfs niðurrifi sem ég hef þurft að læra að takast á við og bæta. Andlega hliðin á nefnilega ótrúlega stóran þátt í þeirri þjálfun sem við fáum á hverjum degi og það er mjög mikilvægt að passa upp á hana og ég er mjög þakklát fyrir stuðninginn sem ég fékk frá kennurunum mínum.

HVAÐ VAR EFTIRMINNILEGAST?

Klárlega allar sýningarnar/keppnirnar og undirbúningurinn sem þeim fylgdi.

HVERNIG UNDIRBJÓ DANSGARÐURINN ÞIG FYRIR FRAMHALDSNÁM Í DANSI?

Mér fannst bæði framhaldsbrautin í Klassíska Listdansskólanum og Forward undirbúa mig mjög vel fyrir mitt framhaldsnám. Ég fékk að vinna með mörgum kennurum og listamönnum sem komu með mismunandi sýnir og tól sem ég gat nýtt mér en það sem undirbjó mig einnig rosalega vel var öll tækifærin til að koma fram á sviði, sem mér finnst ótrúlega dýrmætt og klárlega eitthvað sem ekki allir dansnemendur fá tækifæri til að gera.

HVAÐ ERTU AÐ GERA NÚNA?

Núna stunda ég ballettnám í pre-professional prógramminu í Tivoli Ballettskólanum í Kaupmannahöfn.

EINHYR RÁÐ FYRIR UNGA DANARA SEM STEFNA Á FREKARA NÁM Í DANSI?

Ekki bera þig saman við aðra heldur leitaðu af innblæstri, það eru allir mismunandi og eru á mismunandi stað í lífinu og það er ekki að fara að koma að neinu gagni að bera sig saman við aðra eða reyna að verða eins og þau. Mundu að þú berð ábyrgð á þér og þinni framtíð og ekki gleyma að hafa gaman.

Á DÖFINNI

NÝ NÁMSKEIÐ AÐ HEFJAST

KRÍLADANS 1

14.apríl -19. maí

KRÍLADANS 2

15.apríl -13.maí

FLAMENCO

17.apríl-5.júní

FULLORÐINSBALLETT

3.maí-7.júní

SUMARNÁMSKEIÐ

12.júní -23.júní

PILATES

Klippikort og tímar alla mánudaga og miðvikudaga á vorönninni

SKRÁNING FYRIR

**SUMARNÁMSKEIÐ ER HAFIN -
HLÖKKUM TIL AÐ DANSA MEÐ
YKKUR Í SUMAR.**

SÝNINGAR OG VIÐBURÐIR FRAMUNDAN

BARNAMENNINGARHÁTÍÐ

18. apríl sýning í Hörpu

22.apríl sýning í Grafarvog

HARMONY

20.apríl - Forward sýnir frumsamið verk eftir Camilo í Tjarnarbíó.

ALÞJÓÐLEGI DANSDAGURINN

29.apríl Dansgleði fyrir alla fjölskylduna á Grensásvegi 14.

INNTÖKUPRÓF

8.maí Forward

15.maí KLS framhaldsbraut

VORSÝNING DANSGARÐSINS

31.maí í Borgarleikhúsinu.

ÚTSKRIFTARSÝNING

12.júní á Grensásvegi 14.

Sýning á lokaverkefnum útskriftarnemenda og útskriftarathöfn. Einnig verða sýnd verkefni úr danssmíðaáfangu vorannar.

COMMUNE SENSE Í PÓLLANDI

14-24. júní

DANCE WORLD CUP Í PORTÚGAL

30. júní - 8. júlí

MINNUM Á...

ÁFRAM LISTDANS Á ÍSLANDI!

Eins og margir hafa heyrt af þá erum við að berjast fyrir því að grunnám í listdansi sé fjármagnað eins og annað listnám. Í dag er framhaldsbraut og háskólanám í listdansi styrkt af ríkinu en grunnnámið hefur verið í biðstöðu með fjármagn í mörg ár. Við vonumst eftir ykkar stuðningi í þessari baráttu til þess að listdansnám geti vaxið og dafnað á Íslandi.

INSTAGRAM OG FACEBOOK

Klassíski listdanskólinn, Óskandi og Forward eru öll á Instagram og Facebook, þar sem upplýsingar um viðburði og myndir eru settar inn reglulega.

12.-23.JÚNÍ, 2023



ÁFRAM LISTDANS!